



Fundargerð hverfisráð dreifbýlis

2. fundur í hverfisráði dreifbýlis, haldinn miðvikudaginn 18. desember 2019.

Mættir: Kristinn Lárusson, Reimar Sigurjónsson, Steinunn Anna Halldórsdóttir ásamt Marinó Jóhannssyni.

Marinó boðinn velkominn og fundur settur klukkan 16:35.

Gögn framlögð á fundinum: „Til sveitarstjórnar Langanesbyggðar“ (Innsent bréf frá janúar 2017)

Dagskrá

1. Hnitsett landamerki.

Mikilvægt að kortleggja landareignir innan sveitarfélagsins. Stærðarmæla jarðir og hnitsetja. Ekki dýrt fyrir sveitarfélagið að hrinda þessu verkefni af stað. Hægt að vinna verkefnið í áföngum og byrja t.d. á svæðinu sunnan Brekknaheiðarvegar. Kostnaður félli á landeigendur og sveitarfélag. Afar mikilvægt að koma þessu verkefni á sem fyrst því ekki er til sá sjónarhóll sem sér yfir allt svæðið.

2. Heiðarvegir og styrkvegasjóður

Sveitarstjóri er veghaldari í umboði sveitarstjórnar. Sumar og haust 2016 var legið á sveitastjóra að koma og skoða veginn upp í heiði, hann kom aldrei. Heiðarbændur leggja til að skipað verði í nefnd með mönnum sem þekkja svæðið sem eru ráðgerandi fyrir sveitarstjóra við umsóknarferlið um styrkinn og framkvæmdir í framhaldinu.

Fundarmenn veltu fyrir sér hvers vegna styrkurinn berist svona seint...

Umræða kom upp þar sem fjárveiting berst þegar langt er liðið á sumarið hvort væri hægt að hefja framkvæmdir um leið og fært er með von um að styrkfé bærisk. Fundarmenn telja mikilvægt að bændum sé gefinn kostur að koma að verkinu.

Mikilvægt er að forgangsraða vinnu við endurbætur heiðarvega og vinna áætlum um svæðið og skilgreina þannig hvar þörfin er brýnust. Ef slík áætlun lagi fyrir myndi það stytta undirbúningstímann við verkið þegar fjárveiting bærisk.

Máli sínu til stuðnings bendir Marinó á að slys eða veikindi geti orðið uppi í heiðinni eins geti snögglega komið vond veður og þá þurfi að vera hægt að bregðast fljótt við til að hægt sé að sækja fé í heiðina. Því er afar mikilvægt að komast á auðveldan hátt eftir góðum vegi upp í heiðina. Vinna við uppbyggingu vegarins verður að byrja strax næsta vor.



3. Eignir sveitarfélagsins í sveitarhluta

Jarðirnar Hallgilsstaðir 1 og Brimnes. Girðingar, gangnamannakofar, aðhöld og réttir. Sveitarfélagið í samráði við bændur þarf að móta stefnu til uppbyggingar á girðingum, gangnamannakofum, aðhöldum og réttum líkt og talað er um hér að ofan varðandi vegina ásamt því að vinna uppbyggingar áætlun fyrir verkefnið og finna hvar þörfin er brýnust.

Flestir kofarnir eru ónýtir og ekki boðlegir mönnum. Ekkert viðhald hefur átt sér stað í fjölda ára. Húsin eiga að vera eins og mannabústaðir þar sem er rennandi vatn og salerni. Þegar búið er að hressa upp á kofana og jafnvel byggja nýja má nýta þá fyrir aðra heldur en gangnamenn að hausti. Þá má t.d. leigja út til ferðmanna þegar búið verður að byggja upp vegina.

Þar sem þarf að byggja nýja kofa er mikilvægt að finna besta staðinn fyrir ný hús með staðkunnugum. Það fyrsta sem þarf að gera er að setja númer á kofana og hnitsetja þá þrátt fyrir að endurbætur eða uppbygging sé ekki hafin. Það er gert til þess að tryggja öryggi gangnamanna ef slys ber að. Þá getur 112 með auðveldum hætti fundið kofann/ana eftir gps punkti og númeri. Síðar yrðu gps punktarnir og númerin leiðbeinandi fyrir ferðamenn sem ættu leið í kofann.

Við uppbyggingu á kofunum þarf auðvitað peninga og er þá spurning hvort sveitarfélagið leggi út fyrir öllum kostnaðinum eða hvort leitað sé annara leiða, t.d. sækja um styrki fyrir verkefninu.

Marinó velti upp spurningunni ef Hallgilsstaðir 1 færi í sölufurli yrði þá ábúendum hjálpað við að fjárfesta í jörðinni? Einnig talaði Marinó um þau stóru mistök sem gerð voru á sínum tíma varðandi það að Kverká sem Hallgilsstaðir 1 eiga hlut í skildi ekki fara í útboð. Vegna þess fær sveitarfélagið sem eigandi Hallgilsstaða 1 minni tekjur af ánni.

Sveitarfélagið á heiðargirðingu frá Grasdal í Finna fjörð. Girðingin á þessu svæði er mjög léleg eða ónýt er því mikilvægt að sveitarfélagið rífi girðinguna eða geri við hana að sögn Marinós.

4. Umhverfismál

Koma á tiltekta degi þar sem íbúar Langanesbyggðar eru hvattir til að taka til í kringum sig og sína. Sveitarfélagið þarf að vinna í því að semja við hreinsunaraðila um að koma og sækja járn, ónýtar vélar, tæki og bíla.

5. Varðar fjallskilastjóra

Marinó talar um að skipuleggja þurfi gangnafyrirkomulag enn betur en nú er. Fækka þurfi dagsverkum og bæta skipulagið. Honum finnst virði sveitar hjá sveitastjórn Langanesbyggðar í sögulegu lágmarki. Mikilvægt sé að búa til vinnuskjal /áætlun fyrir vinnu og framkvæmdir í sveitinni til nokkurra ára.

LANGANESBYGGÐ



Gott sé að hafa að leiðarljósi við allt sem gert er heiðarleika, sveigjanleika og hagsmuni annara.

Meira ekki rætt og fundi sliti klukkan 18:15